

Línuhönnun hf
Ingibjörg E. Björnsdóttir
Suðurlandsbraut 4a
108 Reykjavík

2001080061
2506; 9310

Reykjavík, 3. október 2001
/ÞFP

Efni: Stækkun svínabús að Minni-Vatnsleysu, Vatnsleysustrandarhreppi. Ákvörðun um matsáætlun

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Ali ehf. að matsáætlun um stækkun svínabús að Minni-Vatnsleysu í Vatnsleysustrandarhreppi.

Skipulagsstofnun barst með bréfi þann 29. ágúst 2001 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Ali ehf. Stækkun svínabús að Minni-Vatnsleysu. Tillaga að matsáætlun.
Ágúst 2001. Línuhönnun.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Vatnsleysustrandarhreppi, Hafrannsóknastofnuninni, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og Þjóðminjasafni Íslands. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Vatnsleysustrandarhreppi með bréfi dags. 11. september 2001, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 20. september. 2001, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 14. september 2001, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 13. september 2001, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 18. september 2001 og Þjóðminjasafni Íslands með bréfi dags. 25. september 2001.

Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 20., 26. og 27. september 2001.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir og framkvæmdasvæði

Nafn framkvæmdaraðila komi fram á forsíðu matsskýrslu og einnig er æskilegt að þar komi fram hvað stækkunin feli í sér svo sem úr 500 ársglytur í 800 og svo framvegis.

Hönnun mannvirkja. Fram þarf að koma í matsskýrslu hvar útrás verður staðsett í fjöru og hvar hún endar. Lýst verði hönnun bygginga með tilliti til aðbúnaðar dýra og samræmis við reglur.

Förgun búfjáraburðar. Í matsskýrslu verði gerð grein fyrir efnafræðilegri samsetningu íblöndunarefna, sem áformað er að bæta í flóra til að draga úr lykt og eðlisfræðilegum eiginleikum þeirra. Gerð verði grein fyrir dreifingu búfjáraburðar sbr. gr. 7 í reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Fram komi stærð landrýmis sem er til ráðstöfunar vegna dreifingar búfjáraburðar og til hvaða tíma, staðsetning þess og samræmi við skipulag.

Förgun sláturúrgangs. Í matsskýrslu verði gerð grein fyrir magni sláturúrgangs bæði fasts úrgangs og blóðvatns og förgun úrgangsins. Gera þarf í matsskýrslu grein fyrir sjúkdómum í svínunum og hugsanlegri dreifingu sjúkdóma með úrgangi frá starfseminni.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Áhrif frárennslis á lífríki sjávar. Fram þarf að koma í matsskýrslu hvaða efni berast til sjávar með frárennslis og áætlað magn þeirra fyrir stækkun og eftir. Bent er á að æskilegt er að gerðir verði útreikningar og spálíkön um dreifingu lífrænna efna og ólífrænna frá starfseminni þar sem byggt verði á straummælingum Hafrannsóknastofnunarinnar frá 2/2-5/5 1986 í Vatnsleysuvík. Skipulagsstofnun telur ekki nauðsynlegt að skoðuð verði sammögnunaráhrif svínabúsins og fiskeldisfyrirtækisins Silungs hf. á lífríki í Vatnsleysuvík, ef sýnt er tölfræðilega fram á að framkvæmdin hafi ekki í för með sér aukningu í magni mengunarefna er fara með frárennslis í sjó.

Fram komi hvernig staðið var að könnun lífríkis sjávar.

Áhrif á lífríki fjöru. Í matsskýrslu komi fram hvernig staðið var að könnun lífríkis í fjöru, þar á meðal stærð rannsóknasvæðis, umfang könnunar og aðferðir. Mikilvægt er að könnunin sýni hver staða lífríkisins er nú og hvort og þá hver áhrif núverandi starfsemi hefur á það og metið hvaða breytingar eru taldar að

muni verða á því að framkvæmdum loknum.

Áhrif á fornleifar. Í matsskýrslu verði gerð grein fyrir skráningu og rannsóknum á fornleifum á áhrifasvæði framkvæmdarinnar að höfðu samráði við Þjóðminjasafn Íslands.

Áhrif á aðra starfsemi. Í umsögn Vatnsleysustrandarhrepps er bent á að í tillögu að matsáætlun sé ekki tekið fram hvernig kunnir að verða áhrif á hugsanlega stóriðju á Keilisnesi. Skipulagsstofnun telur ekki forsendur til slíkrar umfjöllunar þar sem ekkert liggur fyrir um hugsanlega stóriðju á Keilisnesi.

Annað

Fjalla þarf um almannarétt í matsskýrslu í tengslum við útivist vegna framkvæmdasvæðis er nær að fjöru.

Í matsskýrslu komi fram mögulegar mótvægisáðgerðir og í matsferlinu verði haft samráð við hlutaðeigandi eftir því sem við á um mótun þeirra. Á sama hátt verði mótaðar tillögur að nauðsynlegri vöktun.

Í matsáætluninni er yfirleitt ekki getið um hvenær einstakar athuganir eigi að fara fram og í sumum tilfellum ekki nægilega vel í hverju þær muni felast og þarf slíkt að koma fram í matsskýrslunni.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F. Þóroddsson

Afrit :

Vatnsleysustrandarhreppur, Hafrannsóknastofnunin, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, og Þjóðminjasafn Íslands.